

Fjölmennt

Ýmis námskeið verða í boði í Fjölmennt á haustönn 2011. Má þar nefna ýmis námskeið á tölvur, tungumála-, matreiðslu- og tónlistar-námskeið svo eitthvað sé nefnt. Félagar geta fengið frekari upplýsingar um nám í boði og aðstoð við að sækja um hjá Elínu eða Tótu á skrifstofudeild. Umsóknarfrestur er til og með 16. júní nk.

Fjáröflun vegna haustferðar

Ákveðið hefur verið að breyta árlegri vorferð í haustferð. Verið er að selja klósettpappír, heimilisrúllur og lakkris til styrktar væntanlegum ferðalöngum.

VERÐLISTI

Klósettpappír 48 rúllur á kr. 3.500.-
Heimilisrúllur 12 rúllur á kr. 3.500.-
Blandaður Freyjulakkris 500.- gr. á kr. 800.- Þeir sem vilja styrkja ferðalangana eru hvattir til að nýta sér þessi frábæru kostakjör á þessari nauðsynjavöru.

Deildarfundir

Fundir í deildum eru haldnir á hverjum degi kl. **09.30** og **13.15** þar sem farið er yfir verkefni sem liggja fyrir hverju sinni. **Við hvetjum félaga til að mæta á fundina.**

Klúbburinn Geysir er opinn alla virka daga frá kl. **08.30 - 16.00**, nema föstudaga til kl. **15.00**.

Félagslegt í júní

Fimmtudagur 2. júní
Uppstigningardagur - LOKAÐ

Fimmtudagur 9. júní
Heimsókn í Hörpu
Lagt af stað frá Geysi kl. 16.00

Laugardagur 11. júní
Opið Hús 11.00-15.00

Fimmtudagur 16. júní
Sundferð
Lagt af stað frá Geysi kl. 16.00

Fimmtudagur 23. júní
Grasagarðurinn
Lagt af stað frá Geysi kl. 16.00

Laugardagur 25. júní
Geysisdagurinn
Dagskrá 11.00-16.00

Fimmtudagurinn 30. júní
Opið Hús 16.00-20.00

Húsfundir!

Húsfundir eru miðvikudaga kl. 14:30. Þa er rétti staðurinn fyrir félaga til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Allir að mæta!

Litli - Hver

6. tölublað júní 2011

Geysisdagurinn laugardaginn 25. júní 2011

Geysisdagurinn verður haldinn hátíðlegur í laugardaginn 25. júní. Á Geysisdaginn er ætlunin að efna til fjáröflunar- skemmti- og fjölskyldudags með þátttöku fyrirtækja, náganna og velunnara klúbbsins. Stefnt er að því að hátíðin geti farið fram utandyra að mestu, þannig að skapa megi góða karnivalstemmninu í Skipholtinu.

Góð og mikil stemning hefur skapast í Geysi vegna fyrirhugaðrar hátíðar og vilji til að vel megi takast til.

Meðal dagskráratriða sem í boði verða má

nefna: Nyttjamað, Örþon, sem er 180m útgáfa af maraponi með frjálstri aðferð. Keli og kiðlingarnir munu leika nokkur lög, Veitingar

verða seldar til styrktar Geysi og margt fleira skemmtilegt. Allir saman nú.



Myndin er tekin á blómavíku 2009 í Geysi.



Myndin er tekin fyrir utan Geysi einn góðviðrisdag með Grikkjunum í vor.

Velheppnuð Grikkjaheimsókn

Dagana 9. - 22. maí sl. voru fjórir grískir heilbrigðisstarfsmenn í námsheimsókn í Geysi. Verkefni þeirra var meðal annars að kynna sér hugmyndafræði Fountain House og starf Geysis og ekki síður að kynna þá starfi sem unnið er í geðheilbrigðismálum á Íslandi. Heimsóknin var vel heppnuð í alla staði. Grikkirnir fóru í heimsóknir, sóttu fjölda fræðslufunda og tóku þátt í vinnu- miðuðum degi í klúbbnum. Við viljum nota tækifærið til að þakka þeim fjölmörgu sem unnu með okkur að því að gera heimsókn þeirra mögulega. Vel sótt málþing var haldið í Geysi í lok heimsóknarinnar þar sem skipst var á skoðunum um stöðu geðsjúkra og mat lagt á þróunina til framtíðar.

 KLÚBBURINN
GEYSIR
BYGGT Á OG REKID SAMKVÆMT ALÞJÓDLEGRU
HUGMYNDAFRÆÐI FOUNTAIN HOUSE

Skipholti 29, 105 Reykjavík
Sími: 551-5166, fax: 551-5136
Netfang: kgeysir@kgeysir.is
Veffang: www.kgeysir.is
Facebook: Klúbburinn Geysir

Fréttir af húsfundum



Myndin er frá húsfundi 11. maí, en grísku geðheilbrigðisvinir okkar sátu þann fund.

Miðvikudagurinn 30. mars: Rætt var um og boðað til ferðafundar fimmtudaginn 31. mars. Tóta tók að sér halda utan um ferðafundi. Forsvarsmenn frá AUS óskuðu eftir að fá kynningu fyrir tvo starfsmenn aðal-skrifstofunnar í Brussel. Vel

var tekið í þá ósk. Minnt var á og félagar hvattir til að ganga vel um og ganga frá eftir sig. Undir önnur mál var rætt um páskaveislu, vorferð og félagar hvattir til að hvetja aðra féлага til að taka þátt í starfi Geysis.

Miðvikudagurinn 6. apríl: Meðal tilkynninga má nefna ferð í Þjóðminjasafnið, skráningu á ráðstefnu í Stokkhólmi, ráðstefnu á vegum Virkrar starfs-endurhæfingar. myndlistasýningu athvarfanna í Kringlunni. Töluverð umræða fór í umgengnismál og allir hvattir til þess að taka sig á í þeim efnum. Umhverfi okkar hefur áhrif á sálariheil og nauðsynlegt að gefa því gaum. Rætt var um mikilvægi móttökunnar og að hún sé alltaf mönnuð. Ester gerði grein fyrir fjárhagsstöðunni og er hún góð eftir fyrstu þrjá mánuði ársins. Einnig var rætt um Brabra og að styrkir og styrkumsóknir færu fyrir Brabra. Einnig var óskað eftir fleira fólki til þess að taka þátt í störfum Brabra. Ester gerði grein fyrir störfum EPCD og hvort fundurinn sé sammála því á að hún sækir næsta EPCD fund þar sem hún

verði hvort eð er í frí á eigin vegum en sé tilbúin til þess að sækja fundinn í leiðinn. Vel var tekið í það

Miðvikudagurinn 13. apríl: Rætt var um hvort Geysir skyldi fá fleiri sjálfboðaliða til starfa hjá Geysi á næsta ári. Rætt var um Geysisdaginn og ýmsar útfærslur og kynningarleiðir. Undir önnur mál fór fram umræða um dagpeninga, aðstoðarfólk í utanlandsferðum og fólk hvatt til að skrá sig í páskamat og á ráðstefnu í Svíþjóð.

Miðvikudagurinn 20. apríl: Undir tilkynningum var fjallað um hvernig við getum sparað, t.d. með því að muna eftir að slökkva ljósin. Gerð grein fyrir á-takinu hjólað í vinnuna og þátttöku Geysis í því. Gerð var grein fyrir ársreikningi og félagar hvattir til þess að kynna sér hann. Félagsleg dagskrá í maí var ákveðin. Elín sagði frá ráðstefnu Virk sem hún sótti og benti á hversu líkar áherslur í starfsendurhæfingu væru við endurhæfingarmarmið Klúbbhúsahreyfingarinnar.

ATOM Atvinnu- og menntadeild

Nýr starfsmaður í RTR á BSÍ



Örn Nielsen hóf störf á BSÍ 2. maí sl. Starfshlutfallið er 25% Við óskum Erni hjartanlega til hamingju með starfið.

Líkamsrækt í Laugum / World Class

Félagar í Klúbbnum Geysi fá afslátt af líkamsrækt í Laugum / World Class. Hafið í huga að tilkynna þarf þátttöku í Laugum til Esterar.

Frá fulltrúa notenda geðsviðs

Bergþór Böðvar Grétarsson fulltrúi notenda á geðsviði LSH langar til þess að komast í samband við notendur sem hafa verið nauðungarvastaðir eða sviptir sjálfræði á geðdeild. Tilgangurinn er að kanna stöðu þessara einstaklinga svo að bæta megi þjónustu við þá. Þeir sem vildu vinna með Bergþóri í þessu verkefni er bent á að hafa samband við hann í síma 543-4084/824-5315 og/eða tölvupóst bergbo@landspitali.is.

Markmiðssetning!

Kæri félagi!

Ef þú veist ekki hvert þú stefnir eða hvað þú vilt gera gæti markmiðsáætlun hentað þér! Nú getur þú sem félagi í Klúbbnum Geysi valið þér stuðningsstarfsmann og gert með honum markmiðsáætlun.

Settu þér markmið og láttu drauma þína rætast!

Publisher og Tölvuver

Tölvuver og publisher er komið í sumarfrí frá og með 1. júní.

Kennsla hefst aftur í publisher þriðjudaginn 16. ágúst kl. 11.15 og kennsla hefst aftur í tölvuveri fimmtudaginn 18. ágúst kl. 11.15. Við óskum félögum gleðilegs sumars og minnum á að áfram verður hægt að fá aðstoð við tölvutengd mál þrátt fyrir sumarfrí.

Morgunfundir

Morgunfundir eru alla morgna og hefjast klukkan 09.00.

Munið frían morgunmat frá kl. 08.30 til 09.30

Allir að mæta!

ATOM Fréttir úr atvinnu- og menntadeild

Námsmaður mánaðarins



Guðrún Þorkelsdóttir skráði sig í þriggja vikna námskeið í Hringsjá nú á vorönninni. Hún byrjaði 23. maí og lýkur 10. júní, en hún sækir tíma á hverjum degi frá kl. 09.00 til 14.30. Guðrún stefnir á vinnu á almennum vinnumarkaði að námi loknu. Við óskum Guðrúnu velfarnaðar í náminu.

Endurbótum því sem næst lokið – að mestu

Eftir gagn-gerar endurbætur á salerni þriðju hæðarinnar hefur það verið tekið í notkun á ný. Skipt var um gólfefni,

gömlum og illa slitnum dúk var skipt út fyrir fallegar og slitþolnar flísar og veggir málaðir, auk þess sem flísalagt var í kringum vask. Nú á aðeins eftir að setja upp baðklefann og finisera. Viðhaldsdeildin hefur staðið sig vel í þessum framkvæmdum og starfsmönnum hennar óskað til hamingju með vel unnið verk.



Þorkell skráfar frá vatninu

Fréttir af RTR

RTR störf sem eru að losna

Við viljum vekja athygli á RTR störfum sem eru að losna á næstunni.

△ Starfið í Þjónustumiðstöðinni við Vitatorg (Lindargötu 59) er laust frá og með 15. júlí. Umsjón og upplýsingar um starfið veita Benni og Ester

△ Annað tveggja 25% starfa hjá Kynnisferðum á BSÍ er laust frá og með 1. júlí. Umsjón og upplýsingar um starfið veita Ester og Stefán. Við hvetjum alla sem áhuga hafa að kynna sér þessi störf hjá umsjónarmönnum þeirra.

Kynningar – og viðmiðunarreglufundir

Með reglulegu millibili eru haldnir kynningarfundir, viðmiðunarreglufundir og markmiðssetningafundir í Klúbbnum Geysi. Þetta eru upplýsinga- og fræðslufundir og ætlaðir félögum og starfsfólki. Næstu fundir verða sem hér segir:

Viðmiðunarreglufundur verður þriðjudaginn 31. maí kl. 15.00.
Kynningarfundur fyrir nýja og eldri félaga verður þriðjudaginn 14. júní kl. 15.00.
Markmiðssetningafundur/Batastjarnan verður 28. júní.

Geysisdagurinn laugardaginn 25. júní 2011

**Fjáröflun og skemmtidagskrá fyrir alla fjölskylduna
Frá kl 11.00 til 16.00
Skipholti 29**

Það hefur lengi verið vilji til þess að helga einum degi ársins baráttumálum Geysis og um leið hagsmunamálum geðsjúkra. Í ár ætlum við að vera hógvær og efna til götu-partís í Skipholtinu með þátttöku nággranna og fyrirtækja í götunni sem áhuga hafa. Sent hefur verið út kynningarbréf til nággranna vegna þess. Ef vel viðrar á Geysisdaginn mun dagskráin fara fram utan dyra.

Dagskrá

Meðal þess sem í boði er (úti)markaður, þar sem fjölbreyttur varningur af nýju og gömlu verður til sölu.

ÖRÞON sem er 180 metra langt „þon“ þar sem frumleiki og sköpunargleði ræður hraða- hlaupa- og/eða lögun. Áhugasamir geta skráð sig til þátttöku fyrir litlar 1000 kr. Þarna gefst kjörið tækifæri fyrir vini og ættingja og annarra velunnara Geysis að styrkja klúbbinn. ÖRÞONIÐ verður ræst kl. 13.00 á horni Nóatúns og Skipholts, en markið verður á horni Brautarholts og Skipholts.

Áhugasamir um ÖRÞON geta komið í Geysi og skráð sig þar eða í síma 5515166

Koma svo !

Hljómsveitin Keli og kiðlingarnir sem er húsband Klúbbsins Geysis mun stíga á svið og leika nokkur lög.

Óvæntur gestur

Óvæntar uppakomur og skemmtilegheit.

Dagskrá þessi er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar

Um sjálfboðna vinnu

Jón Sigurgeirsson

Þegar ég hóf störf sem félagi í Geysi hef fyrir 11 árum uppgötvaði ég hvað það er mikilvægt að vera gerandi, þ.e. leggja sína vinnu fram. Þeir sem eru í fastri vinnu, sem ekki er þeirra draumastarf ímynda sér stundum að það sé gott að gera ekki neitt og segjast myndu haga lífi sínu þannig ef þeir hefðu nægja peninga. Eins og margoft hefur komið fram í umræðu um atvinnuleysi þá brýtur athafnaleysi einstaklinginn niður. Í þessum efnum sem öðrum gildir að sælla sé að gefa en þiggja.

Eftir að vera eitt ár í Geysi vann ég fyrir Blindrafélagið í sjö ár. Þegar ég missti það starf vegna skipulagsbreytinga voru góð ráð dýr. Fyrsta hugmynd mín var að læra meira og þar sem ég hef lagt stund á líffræði og lögfræði var ljósmyndun næst að vísu ekki eingöngu til að halda mér í ellunum. Þegar kom að lokum þess náms vissi ég í fyrstu ekki hvaða myndi halda mér virkum í framtíðinni. Þá datt ég niður á að starfa sem sjálfboðaliði hjá Rauða-krossinum. Ég byrjaði á því að hella upp á kaffi í Rauðakrosshúsinu. Sumir voru í því að tala við þá sem þangað sóttu en mér var sagt að betra væri að vera búinn að sækja námskeið áður en maður tæki það að sér. Mér finnst ég fá mest út úr því að gefa af mér í persónulegum samskiptum. Í gegnum starfið þar kynntist ég aðstoð við heimanám barna erlendra foreldra. Ég hef veitt slíka aðstoð í Gerðubergi allan síðastliðinn vetur og fát sem ég

hef



gert hefur veitt mér meiri ánægju. Þá hef ég verið heimsóknarvinur barns af erlendu foreldri og lesið upp úr blöðum á elliheimili.

Þessi virkni hefur beinlínis bjargað mér. Auk þess hef ég farið í nám til undirbúnings að vera í alþjóðlegu úttektarteymi fyrir Fountain hús, og hef fengið fyrsta verkefnið sem slíkur. Ég verð einn frummælenda í alþjóðlegri ráðstefnu í Svíþjóð nú í sumar.

Þau verkefni sem ég hef tekið að mér eru í samvinnu við gott fólk. Það háir mér ekki í framkvæmd þeirra að eiga erfitt að vinna einn verkefni án stuðnings eða þátttöku annarra. Með því að vinna á styrkleikum mínum og láta ekki reyna á þá þætti sem ég á erfiðleikum með þá byggji ég upp sjálfs-traust mitt og vellíðan.

Ljós móðurnámskeið í Deildartungu



Hópurinn stillti sér upp fyrir utan Geysi áður en lagt var af stað.

Laugardaginn 21. maí hélt fríður hópur Geysisfólks upp í Borgarfjörð. Þetta var einstaklega fallegur dagur með glaðasólskini, þó svo að kuldaboli hafi bitið aðeins í kinnarnar. Markmið ferðarinnar var að fræðast um gang mála í sauðburði í Deildartungu. Ferðin var í alla staði stórkostleg og vel heppnuð. Vel var tekið á móti okkur í Deildartungu og við boðin velkomin aftur að ári. Stefán frá Deildartungu og Ólafur Ólafsson, stjórnarmaður, sýndu snilli sína við grillun hamborgara og smáspærðla (spærðlinga). Ferðalangar fenguðu, föðmuðu, knúsuðu, kysstu, mynduðu og skemmtu sér yfir lömbum, kettlingum, heimilissólki, nautgripum og hrossum. Að sýningu lokinni kíktum við á Deildartunguhver og þar skildu svo leiðir. Sumir tóku strikið í bæinn á meðan aðrir gerðust menningarlegir, óku malarvegi sveitanna og komu við á landbúnaðarháskólastórbylinu á Hvanneyri og enn aðrir fengu sér molasopa og jafnvel smá (bara smá) bland í poka í Borgarnesi. Hulda Ósk segir að hún eigi eftir að lifa á minningum um þessa ferð um ókomna tíð.

Afmæli félaga í júní

Aðalheiður Sigurbjörnsdóttir	2. júní
Ingibjörg A. Gylfadóttir	2. júní
Haukur Davíð Magnússon	4. júní
Duc Trung Dung Vuong	6. júní
Einar G. Kvaran	6. júní
Rúnar Örn Bergmann	6. júní
Einar Guðmundur Ársællsson	8. júní
Grétar Björnsson	9. júní
Ingibjörg Ólafsdóttir	10. júní
Matthildur Torfadóttir	14. júní
Jón Kr. Arngrímsson	15. júní
Helgi Gunnar H. Árnason	16. júní
Karl Jónas Johansen	16. júní
Gunnhildur J. Gunnarsdóttir	17. júní
Gunnar Björgvinsson	18. júní
Ólöf Helga Gunnarsdóttir	18. júní
Pálína Guðrún Kristjánsdóttir	20. júní
Rakel Sjöfn Ólafsdóttir	20. júní
Eva Björg Jónasdóttir	22. júní
Anna Birna Sigurbjörnsdóttir	23. júní
Ásta María Jensen	24. júní
Anna Kristín Rúriksdóttir	25. júní
Fanney Sigurjónsdóttir	25. júní
Angela Kelly Abbott	26. júní
Einar Már Ríkharrðsson	26. júní
Kristinn Helgason	27. júní
Guðrún Lilja Magnúsdóttir	28. júní
Kristján Gunnar Ólafsson	28. júní

Hjólað í vinnuna: Átaki lokið

Við stóðum okkur með þryði og lögðum að baki rúmlega 700km. Í samanburði við aðra vinnustaði stóðum við okkur vel. Við vorum í 104. sæti sé reiknaður fjöldi þátttökudaga, sem voru 3,41 að meðaltali á hvern starfsmann/félagi en í 101. sæti sé reiknaður fjöldi kílómetra að meðaltali, sem voru 24,4. Við skulum átta okkur á að við teljum alla með, líka þá sem ekki tóku þátt í átakinu, sama hvaða ástæður kunna að vera að baki, og samt lukum við keppni um miðbik okkar flokks, þar sem voru 204 virk lið. Við þökkum félögum og starfsfólki góða þátttöku í átakinu, vonum að við verðum dugleg að leggja stunda á heilbriggt lífni áfram og mætum svo tvífeld til leiks að ári.



Grikkjaheimsókn

Fjórir grískir geðheilbrigðisstarfsmenn voru í námsheimsókn í Klúbbnum Geysi frá 9. maí til 20. maí. Þeir komu hingað á Leonardo styrk menntaáætlunar Evrópusambandsins. Þeir starfa hjá sjálfseignarstofnuninni EPSAMY í Aþenu sem veitir geðsjúkum



Maria og Lena

þjónustu. EPSAMY rekur tvö áfangaheimili fyrir geðsjúka þar sem einnig fer fram endurhæfing. Þau sem komu voru Lena félagsfræðingur, Elías sálfræðingur og Alexia og María hjúkrunarfræðingar. Við spurðum þau hvað þeim



Ester, Benni, Elias og Lena

fyndist um Ísland og þau sögðu að Ísland væri alveg æðislegt og þeim líkaði mjög vel við Íslendinga.

„Við eru ánægð með Geysi og okkur hefur liðið alveg rosalega



Maria, Alexia, Elias og Elena á fundi um menntadeildina

vel hjá ykkur. Við vorum strax hluti af hópnum og alls staðar velkomin og bættu við að þau hefðu mikinn áhuga á því að koma aftur til Íslands.“

Þau sögðu mikinn mun á heilbrigðiskerfinu á Íslandi og í Grikklandi en hluti af heimsókn



Alexia og Kristjana

Grikkjanna var að kynna sér nýjungar í geðheilbrigðisþjónustu með það fyrir augum að innleiða nýjungar á Grikklandi Þau sögðust hafa eignast marga góða vini hér á Íslandi sem þau ætla að halda sambandi við.

Það var mjög gaman að hafa þau hérna í Geysi og við þökkum þeim kærlega fyrir komuna og óskum þeim áframhaldandi velfarnaðar.

Gunnar Hreinn

Bra Bra Fjáröflun Styrktarmannakerfi

Nú er hafin undirbúningur að styrktarmannakerfi fyrir Klúbbinn Geysi. Félagar hafa unnið að því að semja bréf í þeim tilgangi að fá fólk til að styrkja klúbbinn. Fyrstu bréfin eru í prentun og verða send út á vel valda einstaklinga úr nærumhverfi félaga og starfsmanna. Sigrún Jóhannsdóttir félagi í Geysi skrifaði fyrsta bréfið sem fer í póst nú í byrjun júní. Átakið er liður í því að styrkja fjárhagslegan grundvöll Klúbbsins til að efla hann og stækka.



Sigrún Jóhannsdóttir

Matjurtaræktun í Gorvík



Hérna er mynd af Stefáni Jónassyni og Gunnari Einarssyni að setja niður kartöflur í Gorvíkurgarði við Strandvegi Grafarvogi.

Við höfum fengið úthlutað 75 fermetra kartöflugarði í Gorvík í Grafalvarlegavogi. Þriðjudaginn 24 maí potuðum við niður jarðeplum í rúmlega þriðjung svæðisins. Þar af voru 2kg af premier,



Keli og kiðlingarnir á framabraut



Eins og kunnugt er hefur vegur Kela og kiðlinganna farið faxandi. Þegar það spurðist að í Geysi hafi verið starfandi hljómsveit undanfarin ár fóru hjólin að snúast eftir að grein um hljómsveitina birtist í Fréttablaðinu. Í framhaldi af því kviknaði áhugi hjá Ragnari Traustasyni kvikmyndagerðarmanni um að gera heimildarmynd um hljómsveitina. Ragnar er nú í fjáröflunarleiðangri til þess að myndin geti orðið að veruleika með haustinu. Nú æfa Keli og kiðlingarnir stíft, því stefnt er á að þeir spili á Geysisdeginum 25. júní næstkomandi, þar sem hún mun leika nokkra klassíska rokkslagara. Myndin hér að ofan er tekin á æfingu þar sem Eleni Papapoulou einn Grikkjanna sem heimsótti Geysi tók í gítarinn með hljómsveitinni og söng nokkur lög.

4kg af rauðum íslenskum og 4kg af gullauga. Við höfum hug á að rækta fjölda tegunda grænmetis, svo sem blómkál, rauðkál, rauðbeður, gulrófur, gulrætur, baunir og fleira. Til þess að þetta geti gengið þurfa félagar að vera duglegir að mæta í garðinn með okkur. Vinnudagar í garðinum verða eftir hádegi á þriðju-dögum og föstudögum.

Júní 2011

Matseðill birtur með fyrirvara um breytingar

Ganga kl. 10.30 alla daga vikunnar — Morgunfundur alla daga kl. 09.00 og ókeypis morgunmatur — Deildarfundir alla daga kl. 09.30 og 13.15

Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
30 Grænmetissúpa Starfsmannafundur kl. 10.00	31 Soðinn fiskur Publisher 11.15	1 Pasta Brabra kl 10.00 Húsfundur 14.30 Undirbúningsfundur í Geysi vegna 10. okt	2 LOKAÐ Uppstigningadagur 	3 Kjúklingur Eldhúsdeildarfundur kl. 10.00	4
6 Píta Starfsmannafundur kl. 10.00	7 Steiktur fiskur Publisher 11.15	8 Falafel Brabra kl 10.00 Húsfundur 14.30	9 Hlaðborð Tölvuver kl 11.15	10 Grill Eldhúsdeildarfundur kl. 10.00	11 Opið Hús Frá 11.00 til 15.00
13 LOKAÐ Annar í Hvítasunnu 	14 Grænmetissúpa Publisher 11.15	15 Grænmetis Lasagna Brabra 10.00 Húsfundur 14.30	16 Hlaðborð Tölvuver kl 11.15	17 LOKAÐ Þjóðhátíðardagur Ísland- inga 	18
20 Flatbaka Starfsmannafundur kl. 10.00	21 Fiskisúpa Publisher kl: 11.15 Viðmiðunarreglugfundur kl. 15.00	22 Gúllas Brabra 10.00 Húsfundur 14.30	23 Hlaðborð	24 Chili con carne Eldhúsdeildarfundur Kl 10.00	25 Geysisdagurinn Dagskrá frá 11.00 til 16.00 
27 Soðinn fiskur Starfsmannafundur kl. 10.00	28 Músakka Publisher 11.15	29 Tex mex kjúklingasúpa Brabra 10.00 Húsfundur 14.30	30 Hlaðborð Tölvuver kl. 11.15 	1 Kjöt í Karry Eldhúsdeildarfundur kl. 10.00	2